

Fimmtudaginn 18. desember 1997.

Nr. 200/1997.

Kristinn Traustason

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)

Handtaka. Líkamstjón. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 260.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. mars 1993 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði í því tilviki látinn falla niður.

I.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti var aflað gagna frá lögreglunni í Reykjavík. Kemur þar meðal annars fram í bókun 29. mars 1993, að áfrýjandi var færður úr fangageymslu og fluttur í sjúkrahúsfreið á slysadeild laust eftir miðnætti. Einnig voru lagðar fram reglur, settar af lögreglustjóranum í Reykjavík 1. júlí 1988 um fangelsun og meðferð handtekinna manna, og reglur, sem hann setti 15. sama mánaðar um „kvartanir eða kærur til lögreglunnar í Reykjavík vegna starfsmanna hennar“. Í síðargreindum reglum segir meðal annars svo: „Þeim, sem bera fram kvörtun eða kæru, skal vísað til yfirmanns viðkomandi starfsmanns, og er þá átt við aðstoðaryfirlögregluþjón eða aðalvarðstjóra/lögreglufulltrúa. ... Þegar aðili vill bera fram kæru á lögreglumann/menn, skal ofanefndur yfirmaður taka skýrslu af kæranda. Sé um að ræða ásökun um harðræði í starfi ..., skal gera yfirlögregluþjóni grein fyrir málinu.“

Í bréfi, er lagt var fram í héraðsdómi, kvaðst aðstoðaryfirlög-

reglupjónninn Friðrik G. Gunnarsson, stjórnandi rannsóknardeilda lögreglu í Reykjavík, hafa gefið lögreglufulltrúa almennrar rannsóknardeildar fyrirmæli um að taka framburðarskýrslu vegna atburða þeirra, sem mál þetta er risið af. Kemur og fram í bréfinu, að skýrslur hafi verið gerðar af þessu tilefni.

Áfrýjandi heldur því ekki fram, að handtaka sín eða vistun í fangaklefa hafi verið ólögmæt, og styður ekki bótakröfu við XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Er krafa hans eingöngu reist á því, að stefndi sé skaðabótaskyldur eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð vegna áverka, sem hann hafi orðið fyrir af völdum árásar af hálfu lögreglumanns á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík.

II.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var aðdragandi að handtöku áfrýjanda 29. mars 1993 sá, að kona, sem bjó í Meðalholti 19 í Reykjavík, bað um aðstoð lögreglu, vegna þess að áfrýjandi, sem staddur var á heimili hennar talsvert mikið ölvaður og æstur, reyndi að slá til hennar, og kvaðst hún hafa orðið að læsa sig inni í herbergi. Í handtökuskýrslu, undirritaðri af Sigurbirni Jónssyni lögreglumanni, kemur fram, að áfrýjandi hafði sparkað upp hurð í svefnherbergi og hurðin var brotin við læsingarjárnið, þegar lögregla kom á vettvang. Í skýrslu Gunnars Sigurðssonar lögregluvarðstjóra „um ákvörðun yfirmanns“ segir, að áfrýjandi hafi ekki verið viðræðuhæfur eða í ferðafæru ástandi, er komið var með hann á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Af skýrslunni verður ráðið, að áfrýjandi hefur ekki viljað eða getað sagt til nafns. Báðar þessar skýrslur eru ritaðar sama dag.

Hinn 26. apríl 1993 kom áfrýjandi til rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík. Í skýrslu, sem hann gaf þar, sagðist hann hafa verið undir áfengisáhrifum og muna ekki nákvæmlega atvik að handtökunni. Þó minntist hann þess að hafa verið með einhvern mótþróa og verið settur í handjárn. Hann hafi verið fluttur í lögreglubíleik og setið aftur í, en hann kvaðst ekki muna, hvort hann hafi verið þar einn. Áfrýjandi kvaðst hafa verið fluttur beint að fangaklefa, járnaður með hendur framan við kvið. Hann kvaðst

ekki muna nákvæmlega orðaskipti þar fyrir framan klefann, en sagði, að ljóshærður, þunnhærður maður í hvítri skyrtu hefði skellt sér á bakið og „látið hnéð vaða í kvið mætta eða bringspalir“. Járnið hafi síðan verið tekið af sér þarna á gólfinu og sér „grýtt“ inn í klefann. Sama dag ritaði áðurnefndur lögregluvarðstjóri stutta skýrslu, þar sem meðal annars er tekið fram, að hann minnst engra átaka í fangamóttöku.

Lögregluvarðstjórinn, einn fangavörður og þrír lögreglumenn, sem tóku áfrýjanda höndum umrætt sinn, voru yfirheyrðir hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 3. maí 1993. Kváðust þeir allir nema fangavörðurinn minnst atvika þennan dag. Lögregluvarðstjórinn bar, að hann hefði ekki farið með áfrýjanda að fangageymslu, heldur hefði hann einungis gert tilraun til að ræða við hann í fangamóttöku. Lögreglumennirnir þrír báru, að áfrýjandi hefði verið færður án átaka úr lögreglubífreiddinni inn í lögreglustöðina fyrir varðstjóra í fangamóttöku. Samkvæmt framburði lögreglumannanna fóru tveir þeirra með áfrýjanda að fangaklefa, þar sem hann var settur átakalaust inn. Allir þrír lögreglumennirnir báru, að flutningur áfrýjanda frá handtökustað og vistun hans í klefa hefði farið fram án ryskinga.

Áfrýjandi gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 28. október 1993. Kvað hann framangreinda skýrslu sína hjá lögreglunni í Reykjavík rétta í öllum atriðum og kvaðst engu hafa við hana að bæta. Hann tók fram í tilefni framburðar lögreglumanna, að hann teldi þá halla réttu máli.

Hinn 30. janúar 1997 komu áfrýjandi, lögreglumennirnir þrír og lögregluvarðstjórinn fyrir dóm í máli þessu, þar sem fyrri skýrslur þeirra voru bornar undir þá. Varðstjórinn staðfesti skýrslur sínar og kvaðst ekki minnst neinna átaka við áfrýjanda. Enginn lögreglumannanna mundi eftir, að átök hefðu orðið á lögreglustöðinni umrætt sinn. Áfrýjandi ítrekaði þar, að maður í hvítri skyrtu hefði valdið áverkum sínum. Var áfrýjandi spurður um, hvort það hefði verið lögregluvarðstjórinn, sem viðstaddur var í dóminum. Svar áfrýjanda var á þessa leið: „Nei, ég bara, eins og ég segi, maðurinn var í hvítri skyrtu, og ef hann hefur verið á vakt þá, er það bara hann, og ef það er enginn annar í hvítri skyrtu, þá er það hann, það er svo einfalt.“

III.

Áður var vikið að flutningi áfrýjanda á sjúkrahús. Samkvæmt læknisvottorði var hann fluttur í sjúkrabifreið á slysa- og bæklunar-lækningadeild Borgarspítalans og kom þangað klukkan 0.29 30. mars 1993. Segir í vottorðinu, að við skoðun hafi komið í ljós brot á sjöunda rífi hægra megin og að einnig gæti fimmta ríf vinstra megin verið brotið. Ekki var talin ástæða til sérstakra aðgerða, en áfrýjandi fékk verkjalyf og var sendur heim, en honum var sagt að gera vart við sig, ef eitthvað nýtt kæmi upp. Áfrýjandi kom aftur á spítalann 30. apríl 1993 og kvaðst nánast einkennalaus frá brjóstkassa hægra megin, en hafa óþægindi vinstra megin við átök. Töldu lækningar ekki ástæðu til aðgerða þá fremur en áður. Loks kom áfrýjandi til skoðunar 2. júlí sama ár. Einkenni frá brjóstkassa voru þá óveruleg, en þó kveinkaði hann sér við þrýsting, og við skoðun var hann með „smá-hnútt“ yfir brotstaðnum hægra megin.

IV.

Lögreglan í Reykjavík gerði ekkert til að kanna málsatvik sérstaklega og tryggja rétta lýsingu þeirra, þegar það lá fyrir laust eftir miðnætti aðfaranótt 30. mars 1993, að áfrýjandi hafði verið fluttur úr vistarverum hennar með sjúkrabifreið á slysadeild.

Svo sem fyrr segir, kom áfrýjandi til rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík 26. apríl 1993. Kvartaði hann þá undan framkomu lögreglunnar 29. fyrra mánaðar og kvaðst ætla sér að leggja fram refsí- og bótakröfu, þegar áverkar lægju ljósar fyrir. Hefði lögreglan í Reykjavík þá átt að vísa kæru áfrýjanda til rannsóknar á öðrum vettvangi í stað þess að yfirheyra sjálf lögreglumenn, sem bornir voru sökum. Ekki er ljóst, hvernig málið barst Rannsóknarlögreglu ríkisins, en hún yfirheyrði húsráðanda í Meðalholti 19 8. júní 1993 og áfrýjanda sjálfan 28. október 1993. Rannsóknarlögreglan gerði, að því er virðist, ekkert frekar vegna kærunnar og sendi ríkissaksóknara rannsóknargögn málsins 8. nóvember 1993. Tilkynnti embætti hans rannsóknarlögreglunni 5. apríl 1994, að ekki væru efni til frekari rannsóknar.

Í héraðsdómi kemur fram, að misræmi sé í framburði áfrýjanda í lögregluskýrslu og fyrir dómi um það, hvort hið umdeilda atvik hafi orðið í fangamóttöku eða fyrir framan fangaklefa.

Tveir fyrrnefndra lögreglumanna, sem handjárnuðu áfrýjanda að Meðalholti 19, báru 3. maí 1993, að hendur hans hefðu verið járnaðar fyrir aftan bak, þar sem hann lá á grúfu við húsið. Hins vegar kvað félagi þeirra, sem kom að, þegar áfrýjandi var settur inn í bifreið lögreglunnar, að hann hefði verið handjárnaður með hendur framan við kvið. Frá þeim framburði vék hann þó, er hann kom fyrir dóm. Húsráðandinn í Meðalholti 19, sem kvaðst hafa horft á atvik út um glugga, bar 8. júní 1993, að lögreglumenn hefði lagt áfrýjanda á bakið á stétt. Fyrir dómi 24. júní 1997 segir sama vitni, að áfrýjandi hafi í umrætt sinn verið lagður niður, „og mér sýndist hann handjárnaður“.

Hvað sem þessu líður, heldur áfrýjandi því ekki fram, að hann hafi slasast við handtökuna sjálfa. Er málalíbúnaður hans miðaður við, að hann hafi verið ómeiddur, þegar komið var með hann á lögreglustöðina. Af hálfu stefnda er hins vegar bent á, að áfrýjandi kunni að hafa hlotið umrædda áverka, þegar hann braust inn í svefnherbergið, en drykkjulatí áfrýjanda þar voru, eins og áður segir, tilefni þess, að hann var tekinn höndum.

Yfirlæknir slysa- og bæklunarlækningadeildar, sem ritaði undir vottorð um meiðsli áfrýjanda, bar fyrir héraðsdómi, að ekki þyrfti mikið högg til þess að hljóta meiðsli sem þessi. Rifbrot væru daglegir viðburðir og gætu orðið af margvíslegum orsökum. Samkvæmt framburði læknisins og læknisvottorði voru meiðsli áfrýjanda ekki veruleg, og engrar aðgerðar var þörf. Læknismeðferð var einungis fólgin í skoðun og ávísun á verkjalyf.

Tittnefndur lögregluvarðstjóri neitar með öllu sökum þeim, sem á hann eru bornar. Hinir þrír lögreglumennirnir bera hiklaust í skýrslum, sem teknar voru skömmu eftir að atvik málsins gerðust, að ekki hefði komið til átaka við áfrýjanda á lögreglustöðinni. Af hálfu hans er því haldið fram, að lögreglumenn hafi sammælst um að skýra rangt frá málsatvikum í því skyni að leyna því, að áfrýjandi hefði orðið fyrir harðræði og meiðst vegna tilefnislausrar árásar í húsakynnum lögreglunnar. Staðhæfingar áfrýjanda um, að hann hafi orðið fyrir

líkamsárás á lögreglustöðinni umrætt sinn, styðjast eingöngu við frásögn hans sjálfs.

Þegar litid er til ótrausts framburðar áfrýjanda, hegðunar hans fyrir handtöku, mótþróa hans og meiðsla þeirra, er hann hlaut 29. mars 1993, verður að telja ósannað, að áverkar áfrýjanda verði raktir til þess, að lögreglumenn hafi beitt óþarfa harðræði í starfi. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Það athugast, að meðferð máls þessa hjá lögreglunni í Reykjavík og rannsóknarlögreglunni var verulega áfátt.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 8. maí 1996, af Kristni Traustasyni, Viðarási 28, Reykjavík, gegn dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda 260.000 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. I. nr. 25/1987 frá 29. mars 1993 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ, og beri sú fjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins. Til vara er gerð krafa um, að stefnukrafan verði lækkuð og málskostnaður í því tilvik í látinn niður falla.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að mánudaginn 29. mars 1993 var lögreglan í Reykjavík kvödd að húsinu nr. 19 við Meðalholt til þess að fjarlægja þaðan stefnanda máls þessa, sem var ölvaður og hafði valdið þar ónæði. Ekið var með stefnanda niður á lögreglustöð til skýrslutöku. Samkvæmt skýrslu Gunnars Sigurðssonar lögregluvarðstjóra í fangamóttöku var stefnandi ekki talinn viðræðuhæfur, mjög ölvaður, ókurteis, æstur og ekki í ferðafæru

ástandi. Var hann færður í fangaklefa. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að það hafi verið gert, án þess að til átaka kæmi, en stefnandi heldur því fram, að lögreglumenn hafi veitt sér áverka við þessa innsetningu.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi kveður dómkröfu máls þessa vera kröfu um miskabætur fyrir líkamsmeiðingar, sem stefnandi hafi orðið fyrir af hálfu lögreglunnar í Reykjavík að kvöldi 29. mars 1993. Umræddur atburður hafi orðið í húsa- kynnum lögreglunnar við Hverfisgötu áðurgreint kvöld, er stefnandi hafði verið handtekinn og færður í handjárnnum á lögreglustöðina við Hverfis- götu. Þar hafi þurft að losa handjárnin af stefnanda, áður en hann var lok- aður inni í fangaklefa, og hafi þar verið að verki einn af þeim þremur lög- regluþjónum, sem tóku þátt í aðgerðum. Muni lögreglumaðurinn hafa felld stefnanda í gólfíð, því næst lagt hné á bringspalir stefnanda, „solar plexus“, um leið og hann losaði handjárnin af honum, liggjandi á gólfinu. Muni þeirri aðgerð hafa verið fylgt eftir með fullum líkamsþunga lögreglumanns- ins á bringu stefnanda með þeim afleiðingum, að tvö rifbein í stefnanda brustu. Ekki hafi tekist að upplýsa, hver hinna þriggja lögreglumanna hafi unnið verkið. Hafi stefnandi verið kvalinn af þessari hörðu meðferð og ekki fengið aðhlyningu, fyrr en kona sú, Guðný Hákonardóttir, Meðal- holti 19, sem beðið hafði um, að stefnandi yrði fjarlægður af heimili hennar, fékk hann látinn lausan. Að þessu loknu hafi hann verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans kl. 0.29 um nóttina.

Í skýrslu, sem tekin var af Guðnýju Hákonardóttur hjá RLR 8. júní 1993, hafi hún lýst aðkomunni að fangaklefanum, sem stefnandi var í, m. a. svo: „...“, þar sem Kristinn lá á gólfinu og kvartaði um mikinn verk yfir rifbein- um“.

Á slysadeild hafi Leifur Jónsson læknir fengið stefnanda til meðferðar. Í læknisvottorði, dagsettu 31. júlí 1993, lýsi læknirinn ástandi stefnanda m. a. svo: „Klínískt er hann með brot á VII. rífi hægra megin parasternalt. Einnig gæti hann verið með brot á V. rífi vinstra megin í fremri axillar línu. Hrufl er á brjóstakassa hægra megin.“ Í lok vottorðsins segir: „Áðurgreindir áverkar hafa hæglega getað komið svo til sem sjúklingur lýsir.“ Af því, sem hér hefur verið tilfært, kveður stefnandi ljóst, að hann hafi rifbrotnað í meðferð lögreglu; aðrar ástæður komi ekki til greina, og þess vegna sé mál þetta höfðað til þess að fá stefnanda dæmdar miskabætur.

Ekki séu gerðar kröfur um fébætur vegna vinnutaps, þar sem stefnandi sé öryrki.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum skaðabótaréttarins um bætur fyrir líkamstjón, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sem í gildi hafi

verið á þeim tíma, sem atburðurinn varð. Dómsmálaráðherra sé stefnt vegna lögreglustjórans í Reykjavík. Lögreglustjórinn í Reykjavík sé vinnuveitandi þeirra þriggja lögreglumanna, sem að verki voru, enda þótt ekki fáiist upplýst um, hvern sé að ræða. Í þessu máli sé um húsbóndaábyrgð að ræða, öðru nafni atvinnurekandaábyrgð, og í ljósi þess sé dómsmálaráðherra stefnt.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Sýknukröfu styðja stefndu því, að á þeim tíma, er stefnandi segist hafa hlotið áverka, hafi ástand hans verið slíkt, að framburður hans um málsatvik geti vart talist marktækur. Í skýrslu, sem stefnandi gaf fyrir lögreglu 26. apríl 1993, kveðst hann ekki muna nákvæmlega, hvernig staðið var að handtökunni í Meðalholti. Stefnandi man ekki heldur, hvort hann sat einn aftur í lögreglubílnum á leið niður á stöð, og ekki man hann nákvæmlega orðaskipti eða athafnir framan við fangaklefan. Ekki hafi honum heldur tekist að benda á þann lögreglumann, sem á að hafa veitt honum áverka. Á minni stefnanda sé því ekki gott að treysta. Í sömu lögregluskýrslu komi t. d. fram, að hann muni ekki eigið símanúmer.

Fyrir liggi framburður fjögurra lögreglumanna, sem ýmist segi, að stefnandi hafi verið settur átakalaust í fangaklefa, eða minnst þess ekki, að til nokkurra átaka hafi komið við innsetninguna. Stefnandi hafi ekki fært neitt fram, sem sanni, að lögreglumaður hafi rifbeinsbrotið hann. Stefnu hafna fullyrðingum stefnanda um, að lögreglumaður hafi með saknæmum og ólöglegum hætti beitt stefnanda ofbeldi, sem leitt hafi til umrædds áverka.

Stefnandi hafi lítið aðhafst til að flýta afgreiðslu málsins. Verði stefnandi að bera hallann af þessu tómlæti sínu og þeim skorti á sönnunargögnum, sem af því kunni að leiða.

Verði eigi fallist á sýknukröfu stefndu, er gerð krafa um verulega lækkun stefnufjárhæðar. Bótakröfunni er mótmælt sem örökstuddri, ósannaðri og of hárrí miðað við dómvenju, m. a. með hliðsjón af eigin sök stefnanda.

Niðurstaða.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins, er tekin var af Guðnýju Hákonardóttur, var stefnandi gestkomandi hjá henni. Kvað Guðný stefnanda hafa verið talsvert mikið ölvaðan, æstan og leiðinlegan. Hann hefði reynt að slá til sín og hún orðið að læsa sig inni í herbergi. Hún hafi síðan hringt eftir aðstoð lögreglu við að fjarlægja stefnanda úr íbúðinni. Í skýrslu Guðnýjar kemur fram, að lögreglumennirnir, sem komu á staðinn, hafi allir verið mjög vingjarnlegir og ekki beitt stefnanda neinum fantabrögðum.

Í skýrslu stefnanda hjá lögreglunni í Reykjavík kemur fram, að hann man ekki nákvæmlega, hvernig að handtökunni var staðið, en kveðst muna eftir

að hafa verið með einhvern mótþróa. Hann man óljóst eftir ferðinni í lög-reglubílnum að lögreglustöðinni. Er komið var að lögreglustöðinni, hafi hann verið fluttur beint að dyrum fangaklefa í handjárnnum. Þarna framan við klefann hafi ljóshærður, þunnhærður maður í hvíttri skyrtu tekið sig og skellt sér á bakið og síðan af öllu afli látið hnéð „vaða“ í kvið sér eða bring-spalir. Járnin hafi síðan verið tekin af sér þarna á gólfinu og sér „grýtt“ inn í klefann.

Fyrir dómi bar stefnandi hins vegar, að þessi atburður hefði ekki orðið fyrir utan fangaklefann, heldur þegar er hann kom inn í fangamóttöku.

Stefnandi hefur ekki getað bent á þann, sem hann telur hafa valdið sér umræddum áverka, en hann bar fyrir dómi, að sig grunaði, að það hefði verið varðstjórinn Gunnar Sigurðsson, en hann hefði verið í hvíttri skyrtu.

Gunnar Sigurðsson lögregluvarðstjóri kom fyrir dóm til skýrslugjafar svo og lögreglumennirnir Hafliði Þórðarson, Sigurbjörn Jónsson og Einar Sigurður Karlsson, er allir komu að umræddri handtöku. Þá kom fyrir dóminn Karl Helgi Jónsson fangavörður.

Fyrir dómi neitaði Gunnar eindregið, að til átaka hefði komið við stefnanda. Í framburði hans kom m. a. fram, að mál handtekings manns er tekið fyrir í fangamóttöku, en síðan er maðurinn fluttur í lyftu upp á 3. hæð, þar sem fangageymslur eru, og þar eru handjárn tekin af honum, áður en hann er færður í fangaklefa. Hafliði bar, að lögreglumenn þeir, er að handtökum standa, séu viðstaddir, meðan sá, sem hefur verið handtekinn, er í fangamóttöku, en síðan fylgi þeir honum í fangageymslur á 3. hæð, en fangi sé á þeirra ábyrgð, þar til hann er kominn í fangaklefa. Enginn lögreglumannanna, er að handtöku stefnanda stóðu, kannaðist við, að til átaka hefði komið í fangamóttöku, er stefnandi var fluttur þangað, eða að varðstjórinn hefði ráðist að stefnanda.

Fyrir liggur samkvæmt skýrslu stefnanda hjá lögreglunni í Reykjavík, sbr. og framburð Sigurbjörns Jónssonar fyrir dómi, að stefnandi hafði brotið hurð að Meðalholti 19, Reykjavík, áður en lögreglumenn komu á staðinn. Framkoma stefnanda og ástand var slíkt, að húsráðandi varð að læsa sig inni í herbergi til þess að forðast ofbeldisfulla framkomu hans. Stefnandi var samkvæmt því, sem fram er komið, talsvert drukkinn, er hann var handtekinn, minni hans um handtöku takmarkað og framburður hans um málsatvik ekki traustur, en misræmi er í framburði hans í lögregluskýrslu og hér fyrir dómi í því, hvar umræddur atburður gerðist. Þá getur stefnandi ekki fullyrt, hver ætlaður „sökudólgur“ er.

Ekkert þykir hafa komið fram í málinu, er renni stoðum undir þá frásögn stefnanda, að hann hafi sett harðræði eða ofbeldi af hálfu lögreglumanna

þeirra, er komu að umræddri handtöku. Telst því með öllu ósannað, að stefnandi hafi viðbeinsbrotnað vegna meðferðar lögreglu, en ekki vegna atvika, er til komu, áður en stefnandi var handtekinn, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristins Traustasonar.

Málskostnaður fellur niður.
